



# Samtímamyndlist um norðurslóðir

● Á sýningunni *Norður og niður* í Hafnarhúsinu eru verk 30 listamanna um breytingar og samfélög

Einar Falur Ingólfsson  
efi@mbl.is


*Norður og niður* er heiti umfangsmikillar myndlistarsýningar sem verður opnuð kl. 19.30 í kvöld, fimmtudag, í mörgum sölum Listasafns Reykjavíkur – Hafnarhúss. Sýningin er unnin í samstarfi þriggja listasafna, Portland Museum of Art í Maine-ríki Bandaríkjanna, Bildmuseet í Umeå í Svíþjóð og Listasafns Reykjavíkur. Þetta er í fyrsta sinn sem samstarf samtímalistamanna á norðurslóðum er markvisst sett fram með slíkum hætti í alþjóðlegu samhengi en á sýningunni er tekist á við þær breytingar sem eru að verða á samfélagi, náttúru og lífríki á norðurslóðum í upphafi 21. aldarinnar vegna loftslagsbreytinga. Sýningin var fyrst sett upp í Portland-safninu og héðan fer hún í Bildmuseet í Svíþjóð.

## Víðfeðmt og stórt

Listafólkið á það sammerkt að búa og starfa á svæðum í kringum Norðurlöndin, bæði upprennandi og þekktari núlifandi listamenn sem búsettir eru á norðvesturströnd Bandaríkjanna, á kanadískum strandsvæðum, á Norðurlöndunum auk listafólks af frumbyggjaættum frá öllu svæðinu, alls þrjú tugir listamanna og listamannahópa. Íslensku fulltrúarnir eru Ragnar Axelsson – RAX, Anna Línal, Magnús Sigurðarson, Bryndís Snæbjörnsdóttir & Mark Wilson og Arngunnur Ýr. Meðal annarra listamanna má nefna Joan Jonas, sem hefur verið fulltrúi Bandaríkjanna á Feneyjatvíær-ingnum og verk hennar verið á einkasýningum í söfnum hér, og hinn kunnir danski listamannahópur Superflex.

Sýningarstjórar koma frá öllum þremur söfnum, Anders Jansson, Jaime DeSimone og Markús Þór Andrésson. Sá síðastnefndi leiddi blaðamann milli afar fjölbreytilegra verkanna á sýningunni.

„Þessi sýning var lengi í bígerð og svo seinkaði henni um ár vegna Covid-faraldursins – við vorum í raun þakklát fyrir þann aukatíma sem við



Morgunblaðið/Einar Falur

**Veggmynd** Bandaríski listamaðurinn Peter Soriano, sem fæddist á Filippseyjum, vann í vikunni að því að móta með teikningu og akrillitum flemmistórt verk í einn salinn í Hafnarhúsinu, byggt á grænslensku landslagi.



**Skaftafell** – Þá hluti eins verka Arngunnar Ýrar sem sýnd eru, málað 2021. Verkin á sýningunni eru afar fjölbreytileg, unnin í alls kyns miðla.

fengum í undirbúningnum því hann nýttist vel í rannsóknir og vefviðtöl við listamenn,“ segir Markús.

Hann segir að markvisst hafi verið fundnir og valdir listamenn sem eru „svo sannarlega á jaðrinum. Við

sýnum verk eftir listamenn sem búa og starfa víða á norðurslóðum, alls ekki bara í borgum heldur einkum í dreifbýlinu.“ Hann nefnir sem dæmi að markvisst hafi verið skoðuð verk eftir Sama og fólk sem býr afskekt í



**Lýsisverk** Magnús Sigurðarson: IN COD-liver WE TRUST inc.

Maine og í Kanada.

„Viðfangsefnið er mjög víðfeðmt og stórt og það var ekki auðvelt að ná utan um það. Portland-safnið fór af stað með verkefnið og grunnhugmyndin hjá þeim er að þetta sé

þræringur og þau leituðu til okkar með þátttöku í þessari fyrstu útgáfu. Svo kemur í ljós hvort framhald verði þar á.“

## Umhverfislegar áskoranir

Samhliða sýningunni kemur út vegleg bók með umfjöllun um norðrið og þá samtímalistamenn sem verk eiga á sýningunni. Sýningarstjórnarnir þrjú skrifa hver sína greinina um meginþemu verkefnisins, náttúru, umhverfi og samfélög á norðurslóðum, og meðal annarra greinahöfunda er Andri Snær Magnason sem skrifar um heimskautin.

Sýningarstjórnarnir segja að listamenn séu landkönnuðir nútímans, þeir rannsaka áleitni efni og nýta sér tilfinningaleg áhrif listar og frásagnarmöguleika hennar sem hvata til breytinga. Loftslags- og umhverfisbreytingar, auk sársaukafullrar sögu nýlenduvæðingar innfæddra þjóða, hafa leitt til sköpunar nýrra listaverka sem fást við þungan straum félags-, efnahags-, stjórnmála- og umhverfislegra áskorana um gjörvallt norðrið. Listafólkið á sýningunni tekst líka á við þá blekkingu sem oft er haldið fram að norðrið sé afskekkt auðn og skorar á hólmi rómantíska tálmynd af ósnortnu landi og meintri einseleitni samfélaganna.

„Hér er aðallega fjallað um umhverfismálin gegnum verk sem tengjast jökklunum og hafinu. Í umfjöllun um lifandi náttúru vinna listamenn með lífríkið, gróður og dýralíf, og þá fjalla sumir hér um samfélagið. Í öllum verkunum er á einhvern hátt verið að skoða breytingar og ferla sem eru í gangi,“ segir Markús.

„Í sumum verkanna er skoðað hvort breytingar séu til góðs eða ills, sumir gagnrýna, aðrir benda okkur á eitthvað. Hér eru verk í allskyns miðla, nýmiðlar og vídeó en líka afturhvarf til handverksins í verkum listamanna sem vilja endurvekja handverkshefðir sem eiga rætur í menningarlegum bakgrunni til dæmis Inúíta, Sama og frumbyggja Norður-Ameríku. Þetta er mjög fjölbreytileg sýning,“ segir Markús.